

SIÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa í Fjallabyggð

1. gr.

Markmið siðareglanna

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem kjörnir fulltrúar vilja sýna af sér við öll sín störf. Með kjörnum fulltrúum er í reglum þessum átt við bæjarfulltrúa og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Fjallabyggðar, reglurnar ná einnig til áheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af samviskusemi og heiðarleika. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Fjallabyggðar, sem og sannfæringu sinni.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæi í ákvarðanatöku og hafa hagsmuni Fjallabyggðar að leiðarljósi í öllum störfum sínum. Kjörnir fulltrúar hafa eftirlit með rekstri Fjallabyggðar og gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar sveitarfélagsins sé ávallt í samræmi við þau lög og reglugerðir sem við eiga hverju sinni.

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnaðarskyldu sína gagnvart málum sem samkvæmt lögum krefjast þagmælsku. Í öðrum málum skulu þeir starfa fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að svara fyrir verk sín. Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Fjallabyggðar og á öðrum lokuðum fundum sem varða störf þeirra í bæjarstjórn, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Fjallabyggðar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Fjallabyggðar virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar hlutast ekki til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "KH", "JHB", "GSA", "KAE", and "TAR".

sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Fjallabyggðar og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á 275. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 25.ágúst 2026



Guðrún Sif Guðbrandsdóttir



Helgi Jóhannsson



Jóhann K Jóhannsson



Kristinn Kristjánsson



Kristín Ágústa Eiðsdóttir



Pálmi Blængsson



Tómas Atli Einarsson